

Turek gegn Slóvakíu

Dómur frá 14. febrúar 2006

Mál nr. 57986/00

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Skráning og meðferð persónuupplýsinga. Málsmeðferð innan hæfilegs tíma.

1. Málsatvik

Kærandi er Slóvaki (f. 1944) og býr í Slóvakíu. Hann var háttsettur embættismaður innan mennta- og skólakerfis Slóvakíu. Árið 1992 var óskað eftir mati á kæranda samkvæmt svokölluðum hreinsunarlögum sem fólu í sér ýmsar kröfur til embættismanna og könnun á ferli þeirra. Kærandi fékk neikvætt öryggismat með vísan til þess að hann hefði verið samverkamaður öryggisstofnunar landsins frá 1948 til 1989. Kærandi hélt því hins vegar fram að hann hefði ófús hitt útsendara öryggisstofnunarinnar fyrir og eftir utanlandsferðir sem hann fór í á 9. áratugnum, en að hann hefði aldrei veitt þeim nokkrar trúnaðarupplýsingar eða starfað sem uppljóstrari. Hann sagði starfi sínu lausu og yfirgaf endanlega vinnuveitanda sinn árið 1994.

Kærandi höfðaði einkamál fyrir dómstólum þar sem hann hélt því fram að skráning hans sem samverkamanns öryggisstofnunarinnar hefði verið ólögmat, en þurfti að sæta því að aðgangur hans að ýmsum gögnum stofnunarinnar væri takmarkaður. Í október 1999 komst áfrýjunardómstóll að þeirri niðurstöðu að það hefði verið grundvallaratriði fyrir kæranda að sýna fram á að skráning hans sem samverkamanns hefði verið andstæð reglum sem giltu þegar hún átti sér stað en það hefði hann ekki gert. Var kröfum kæranda hafnað.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

Kæran

Kærandi taldi að brotið hefði verið gegn friðhelgi einkalífs hans með því að hann væri enn skráður samverkamaður öryggisstofnunar fyrrum Tékkóslóvakíu, tilkynning hefði verið gefin út þar sem fram kæmi að hann fullnægði ekki öryggiskröfum af þessum sökum og að kröfum hans um breytingu á skráningunni hefði verið hafnað hjá innlendum dómstólum. Kærandi byggði á 1. mgr. 6. gr. og 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Um 1. mgr. 6. gr.: Með tilliti til hagsmuna kæranda í málinu taldi dómstóllinn lengd meðferðar máls hans, sjö ár og fimm mánuðir, á tveimur dómstigum úr hófi og brjóta gegn fyrimælum 6. gr. sáttmálans um málsmeðferðartíma. Var það því einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Um 8. gr.: Dómstóllinn féllst á að í sumum tilvikum væri lögmætur grundvöllur fyrir því að takmarka aðgengi að tilteknum skjölum og gögnum, sérstaklega í málum sem vörðuðu öryggismál ríkja. Slík vernd missti hins vegar marks í málum þar sem einstaklingar leituðust við að vernda mannorð sitt. Dómstóllinn tók fram að innlendir dómstólar hefðu talið það grundvallaratriði að kærandi sýndi fram á að gerðir ríkisins væru í andstöðu við þær reglur sem í gildi voru. Þær reglur hefðu verið undanþegnar upplýsingarétti og kærandi því ekki haft aðgang að þeim, en það hefði ríkið hins vegar haft. Dómstóllinn taldi þá sönnunarbyrði sem lögð var á kæranda hafa falið í sér óraunhæfa og hóflausa byrði og vera ósanngjarna. Var því að mati dómstólsins brotið gegn réttindum kæranda samkvæmt 8. gr. sáttmálans hvað varðaði skort á málsmeðferðarreglum sem kæranda stóðu til boða til að tryggja rétt sinn til friðhelgi einkalífs. Dómstóllinn taldi hins vegar ekki nauðsynlegt að kanna sérstaklega þau áhrif sem skráning hans í umrædda skýrslu og neikvætt öryggismat hefðu haft á réttindi hans til einkalífs samkvæmt nefndri grein.

Niðurstaða dómstólsins var að brotið hefði verið gegn réttindum kæranda samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Kæranda voru dæmdar 8.000 evrur í miskabætur og 900 evrur í málskostnað.

Einn dómari skilaði séráliti.